

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2511
komudagur 5.5.2008

Akureyri, 2. maí, 2008

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp að breytingu á heildarlögum um opinbera háskóla.
546. mál, heildarlög. 135. löggjafarþing 2007-2008, þskj. 847.

II. KAFLI
Stjórnsýsla og stjórnskipulag
6. gr.
Fulltrúar í háskólaráði

Rektor háskóla Íslands á sæti í háskólaráði hans og er hann jafnframt formaður ráðsins. Auk hans eiga sex fulltrúar sæti í háskólaráði til þriggja ára í senn:

- 1. Einn fulltrúi háskólasamfélagsins valinn samkvæmt ákvörðun háskólafundar.*
- 2. Einn fulltrúi valinn af heildarsamtökum nemenda við háskólann.*
- 3. Tveir fulltrúar valdir af menntamálaráðherra.*

Athugasemdir varðandi 6.gr.

Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri (FSHA) lýsir áhyggjum yfir fyrirkomulagi við fulltrúaskipan Háskólaráðs. Háskólaráð hefur úrskurðarvald í málefnum háskólans og þær ákvarðanir sem þar eru teknar eru gífurlega mikilvægar fyrir skipulag og framtíð skólans skv. 5. gr. frumvarpsins.

FSHA telur ríka þörf á að nemendur haldi sínum tveim fulltrúum innan ráðsins og jafni þar með vægi milli utanaðkomandi aðila í ráðinu og fulltrúa sem koma frá viðkomandi skóla. Það að meirihluti fulltrúa séu fulltrúar utan skólans er ákveðið áhyggiuefni og hætta á að það raski sjálfstæði og frumkvæði skólanna.

Jafnframt gerir FSHA athugasemd við skipunartíma fulltrúa Háskólaráðs en þriggja ára skipunartími fulltrúa setur nemendum fullmiklar skorður. Stúdentar í HA kjósa ávallt sína fulltrúa til trúnaðarstarfa til eins árs í senn. FSHA telur að með því að skipa til tveggja ára í senn sé komið til móts við nemendur og gerir þeim kleift að sinna trúnaðarstörfum samhliða námi. FSHA leggur til að sér töluliður taki á fulltrúum nemenda þar sem tilgreint sé að fulltrúar nemenda skuli skipaðir til 1 – 2 ára í senn.

Samantekt:


FSHA fagnar frumvarpi til laga um opinbera Háskóla. Það er mikilvægt að skilgreina háskólaráð nánar sem og ákvarðanatöku og ábyrgð yfirstjórnar skólans. FSHA telur að með frumvarpinu sé tekið á þeim þáttum sem þörf er á. Samræmt lagaumhverfi

opinbera háskóla er jákvætt og eðlilegt til að taka allan vafa af því hvort að jafnræði ríki innan háskólasamfélagsins.

FSHA telur 6. gr. frumvarpsins ekki samræmast meginhlutverk frumvarpsins það er “að veita háskólum sem mest sjálfstæði í innri málefnum”. Þetta er mikið áhyggjuefni, og mótmælir FSHA þeirri áherslu að auka vægi utanaðkomandi aðila svo mikið að það ógni sjálfstæði skólans.

Af því gefnu að tekið verði tillit til athugasemda FSHA er varðar 6. gr. frumvarpsins þá veitir FSHA frumvarpinu jákvæða umsögn.

f.h. félags stúdenta við Háskólann á Akureyri.



Ragnar Sigurðsson, formaður.